

Sveitarfélagið Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 12. apríl 2023
UST202303-353/A.B.
10.04.02

Efni: Vinnslutillaga – Breyting á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 - Helgustaðir í Unudal

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 30. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu á breytingu á aðalskipulagi Skagafjarðar 2020 – 2035 fyrir Helgustaði í Unudal.

Í greinargerð kemur fram breytingin felst í að skilgreina nýtt verzlunar- og þjónustusvæði fyrir Helgustaði í Unadal þar sem leyfilegt byggingamagn er 2000 m².

Vistgerðir

Í greinargerð segir að staðhættir á breytingarsvæði eru með þeim hætti að land nýtist ekki vel til túnræktar. Breytingin felur ekki í sér uppbyggingu sem rýfur samfellu góðs ræktarlands. Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagssvæðinu eru votlendisvistgerðir, graslendi og mólendi, sem hafa hátt verndargildi¹ og því mikilvægt að fjallað sé um þær í greinargerð.

Umhverfisstofnun vill benda á að kafla 13.5. í gildandi aðalskipulagi segir að í samræmi við verndarmarkmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni hefur sveitarfélagið kortlagt vistgerðir á þann hátt að auðkenna vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi. Tilgangur með því er að tryggja að slíkar upplýsingar verði ávallt teknar með í ákvörðun um framkvæmdir, starfsemi og aðra nýtingu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>

